



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
bt. skrifstofu skattamála
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, mál nr. s-189/2025

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 (hér eftir „lögin“) en áformin eru hluti af heildarendurskoðun á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem er í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis auk menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis.

Lögin eru grundvöllur skattahvata vegna rannsókna og þróunar (hér eftir „R&P“) sem hafa lagt grunn að uppbyggingu og vexti hugverkaiðnaðar og skapað alþjóðlega samkeppnishæft nýsköpunarumhverfi á Íslandi. Skattahvatarnir eru mikilvægasta tæki stjórnvalda til þess að stuðla að aukinni fjárfestingu í nýsköpun og auka framleiðni í atvinnulífinu, með vexti útflutnings hugverkaiðnaðar. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði hér á landi standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum, meðal annars vegna smæðar hagkerfisins í alþjóðlegum samanburði og fjarlægðar frá helstu mörkuðum, og skattahvatar vegna rannsókna og þróunar þurfa því að vera enn öflugri hér en í nágrannalöndum okkar. Skattahvatarnir hafa sannað gildi sitt á síðustu árum, eins og hagtölur bera með sér.

Samtökin vilja koma á framfæri almennum tillögum um umbætur á kerfinu sem eru reifaðar hér að neðan. Ákaflega mikilvægt er að byggja lagabreytingar á reynslu fyrirtækja í hugverkaiðnaði af kerfinu. Sú reynsla spannar nú yfir 15 ár.

II. Tilefni heildarendurskoðunar

Í skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf sem kom út haustið 2023 kemur fram að aukning skattahvata fyrir R&P hafi haft jákvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækja í R&P hér á landi, á umfang og afkomu fyrirtækja og leitt til fjölgunar verðmætra starfa. Að mati OECD er þetta jákvæð þróun þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma helst í hendur við fjárfestingu í R&P. Að sama skapi gagnrýndi OECD í sömu skýrslu að skortur væri á gögnum og eftirliti með skattahvötum vegna rannsókna- og þróunarverkefna og hvatti íslensk stjórnvöld til að vinna að „áframhaldandi tæknivæðingu og sjálfvirkni í umsýslukerfinu og úrvinnslu tölfræðigagna“. Þá benti OECD enn fremur á að huga þyrfti að breytingum á kerfinu sem snúa að þeim atriðum líkt og gjaldgengi verkefna, eftirliti og gagnasöfnun. **Skýrslan var í meginatriðum jákvæð og því hlýtur endurskoðun á kerfinu að felast í að sníða ákveðna vankanta af í framkvæmd**



fremur en kúvendingu sem hefði skaðleg áhrif fyrir framtíð hugverkaiðnaðar og myndi tefla áframhaldandi vexti greinarinnar í tvísýnu.

Í nýlegu áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) kemur fram að aðgerðir stjórnvalda til að stuðla að aukinni fjölbreytni í íslensku efnahagslífi séu farnar að skila árangri en að frekari umbætur séu nauðsynlegar til þess að hámarka efnahagslegan ávinning af skattahvötum vegna R&Ð. AGS segir að skattahvatar vegna R&Ð hafi stutt við vöxt nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi en að mikilvægt sé að skýra betur skilyrðin og hvaða kostnaður falli undir R&Ð ásamt því að koma á vörnum gegn misnotkun á kerfinu.

III. Tillögur SI

SI taka undir fyrrnefnd sjónarmið og ítreka skilning á nauðsyn þess að framkvæmdin sé endurskoðuð með tilliti til þess lykilmarkmiðs að kerfið stuðli að aukinni fjárfestingu í nýsköpun og leiði til aukinna útflutningstekna fyrir íslenskt þjóðarþú til framtíðar. R&Ð kerfið hefur virkað vel hingað til en ávinningurinn birtist fyrst og fremst í uppgangi og vexti hugverkaiðnaðar.

- Samtökin leggja ríka áherslu á að núverandi fyrirkomulag skattahvata vegna rannsókna og þróunar verði fest í sessi til langs tíma. R&Ð kerfið hefur reynst öflugt tæki til að styðja við fjárfestingu í nýsköpun, og hefur gegnt lykilhlutverki í vexti hugverkaiðnaðar á Íslandi, sem er orðin fjórða útflutningsstoð þjóðarþúsins.
- SI leggja til að endurgreiðslupak og hlutfall verði óbreytt – 1.100 milljónir króna þak, 25% endurgreiðsla fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki – þar sem hærri skattahvatar hafa reynst áhrifaríkir við að auka fjárfestingu og styðja við verðmætasköpun.
- Mikilvægt er að skýra betur skilgreiningu á nýsköpunarfyrirtækjum og tryggja að stuðningur beinist að verkefnum sem fela í sér nýnæmi, verðmætasköpun og tækifæri til skölnar á alþjóðamörkuðum..
- Nauðsynlegt er að aflétta óvissu sem skapast hefur vegna takmarkana á skattfrádrætti til tengdra aðila. Þær takmarkanir geta hindrað samstarf milli fyrirtækja og við erlenda fjárfesta, og þannig hamlað vexti í hugverkaiðnaði.
- Framkvæmd og umsýsla með kerfinu þarf að vera einföld, gagnsæ og fyrirsjáanleg. SI leggja til að Skatturinn fari með fjárhagslega afgreiðslu skattahvatanna í nánú samráði við Rannís, og að tímasetningar umsókna og framlenginga verði lagaðar að raunverulegum þróunartíma mismunandi greina, sérstaklega lyfja-, líftækni- og djúptækniyfyrirtækja.
- Svör við umsóknum berast mun seinna en er áskilið samkvæmt lögunum í dag. Endurskoða þarf fyrirkomulag yfirlesturs umsókna, efla Rannís eða eftir atvikum færa hluta verkefnanna til Skattsins.
- Tryggja þarf sameiginlegan skilning á milli aðila um túlkun á ákvæðum laga og reglugerðar. Þetta varðar til dæmis hver sé munurinn á milli almenns rekstrar og rannsókna og þróunar, sérstaklega með tilliti til hugbúnaðargerðar, útskýra þarf nánar svokallaða fjögurra ára reglu sem birtist í 3. mgr. 5.gr. laganna en reglan hefur valdið ruglingi meðal fyrirtækja, endurskoða þarf mat á fjárhagvanda fyrirtækja.
- Samtökin leggja til að komið verði á fót sjálfstæðri áfrýjunarleið fyrir ákvarðanir Rannís. Samtökin hvetja til þess að Rannís verði gert að rökstyðja ákvarðanir sínar með skýrari hætti.

Samkvæmt ofangreindu hvetja SI til þess að styrkleikar R&Ð kerfisins verði varðveittir og þróaðir með hagsmuni atvinnulífs og hagkerfisins í fyrirrúmi.



V. Lokaorð

Vöxtur hugverkaiðnaðar undanfarin ár er ekki tilviljun. Hann kemur til vegna öflugra frumkvöðla en ekki síst stórstígra breytinga á skilyrðum til nýsköpunar hér á landi sem stjórnvöld hafa ráðist í. Miklar umbætur á skilyrðum og hvötum til nýsköpunar hafa eftir hugverkaiðnað og munu þær umbætur skipta miklu máli um framtíðarlífskjör á Íslandi. Tekist hefur að fjölga og styrkja stoðir íslensks útflutnings og sér ekki fyrir endann á þessari jákvæðu þróun. Skattahvatar vegna rannsókna- og þróunar eru stærsta og mikilvægasta framlag ríkisins til áframhaldandi vaxtar hugverkaiðnaðar og þar með aukinnar framleiðni í hagkerfinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Handwritten signature of Erla Tinna Stefánsdóttir in blue ink.

Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

Handwritten signature of Nanna Elísa Jakobsdóttir in blue ink.

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði